

Veturinn 2012 -2013

# Sjálfsmatsskýrsla Grunnskólans í Borgarnesi



## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	1
Meginniðurstöður .....	2
Inngangur .....	4
Um Grunnskólann í Borgarnesi .....	4
Starfsmenn Grunnskólans í Borgarnesi.....	5
Nemendur .....	5
Markmið og tilgangur.....	6
Sjálfsmatsáætlun 2011 – 2015.....	7
Aðferðir og framkvæmd matsins .....	7
Niðurstöður árlegra kannana og annarra úttekta.....	7
Nemendakönnun .....	8
Foreldrakönnun.....	8
Starfsmannakönnun.....	12
Eineltiskönnun .....	16
Gæðagreinar veturinn 2012-2013 .....	17
Gæðagreinir 3.1. <i>Áhrif á starfsfólk: Þátttaka starfsfólks í starfi skólans</i> .....	17
Gæðagreinir 4.1. <i>Áhrif á samfélagið: Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið</i> .....	18
Gæðagreinir 5.1. <i>Menntun: Skólanámskrá</i> .....	18
Gæðagreinir 5.5. <i>Menntun: Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri</i> .....	19
Gæðagreinir 5.6. <i>Menntun: Jafnrétti og sanngirni</i> .....	19
Gæðagreinir 9.1. <i>Forysta: Sýn, gild og markmið</i> .....	20
Gæðagreinir 9.2. <i>Forysta: Framtíðaráform</i> .....	20
Gæðagreinir 9.3. <i>Efning starfsmanna og samvinnu</i> .....	21
Niðurstöður samræmdra könnunarprófa 2013 .....	21
Samantekt og ábendingar .....	22
Veikar hliðar samkvæmt Gæðagreinum. ....	22
Umbótaáætlun.....	23
Viðaukar .....	26
Viðauki I Einkunnaskali skv. Gæðagreinum 2.....	26
Viðauki 2 – Gæðagreinar.....	27

## Meginniðurstöður

Á skólaárinu 2012-2013 var mats- og umbótavinna unnin samkvæmt fjögurra ára áætlun sem birt er í sjálfsmatsskýrslunni.

Unnar eru árlegar foreldra-, nemenda-, og starfsmannakannanir. Ásamt því er innra mat þar sem matskerfið *Gæðagrein 2* er notað. Þar vann starfsfólk skólans matið í vinnuhópum og sjálfsmatshópur tók saman niðurstöðurnar gæðagreinanna sem eru birtar hér í töflu 1.

### Niðurstöður matshópa voru eftirfarandi:

<p><b>gg. 3.1 Áhrif á starfsfólk: Þátttaka starfsfólks í starfi skólans.</b></p> <p>Matseinkunn: 4</p>	<p><b>gg. 9.1 Forysta: sýn, gild og markmið.</b></p> <p>Matseinkunn: 4</p>
<p><b>gg. 4.1 Áhrif á samfélagið: Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið</b></p> <p>Matseinkunn: 2</p>	<p><b>gg. 9.2 Forysta: framtíðaráform.</b></p> <p>Matseinkunn: 4</p>
<p><b>gg. 5.1 Menntun: Skólanámskrá</b></p> <p>Matseinkunn: 3</p>	<p><b>gg. 9.3 Forysta: efling starfsmanna og samvinnu.</b></p> <p>Matseinkunn: 3</p>
<p><b>gg. 5.5 Menntun: Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri.</b></p> <p>Matseinkunn: 4</p>	
<p><b>gg. 5.6 Menntun: Jafnrétti og sanngirni</b></p> <p>Matseinkunn: 4</p>	

Tafla 1

Útskýring á matseinkunnum er í viðauka aftast í skýrslunni. Ennfremur birtist hér samantekt sterkra og veikra þátta úr Gæðagreinunum að mati starfsmanna.

### Sterkar hliðar:

- Uppbyggingarstefnan, starfsfólk þarf að standa betur saman um stefnuna
- Metnaður starfsmanna til að efla gæði skólastarfsins
- Starfsfólk hefur metnað til símenntunnar
- Leitað eftir skoðunum okkar, góður mórall, við fáum hrós frá samstarfsfólkinu

- Njótum góðs stuðnings samstarfsfólks
- Samstarf við Rótarí, MB, leikskólana, Safnahús og Landnámssetur
- Nýting á útvistasvæði við Einkunnir, Bjössaróló, Englendingavík og Skallagrímsgarð
- Bekkjakynningafundir fyrir foreldra
- Jákvæðni og metnaður meðal starfsfólks að gera sitt besta
- Móttaka nýnema er til fyrirmyndar og starfsfólki skólans umhugað um að öllum líði vel
- Þéttur og öflugur starfsmannahópur þar sem fólk upplifir sig öruggt og fær hvatningu og stuðning til góðra verka
- Við erum sterk í teymisvinnu og vinnum vel saman
- Gleðjumst yfir góðum árangri samstarfsfólks okkar
- Við sinnum einstaklingsþörfum nemenda vel
- Sérdeild starfrækt við skólann

## **Það sem þarf að bæta:**

- Þurfum að skerpa á sameiginlegri sýn í tengslum við nýja aðalnámskrá
- Námskeið í uppbyggingarstefnunni fyrir alla starfsmenn skólans
- Of fá tækifæri til símenntunnar
- Of lítill tími fyrir persónulega þjónustu við nemendur
- Lítið unnið með mat/skoðanir starfsfólk á starfi skólans
- Vantar meiri stuðning á eldra stigi skólans og efla þarf samstarf milli stiga s.s. 6. og 7. bekkja
- Húsnæði og vinnuaðstaða slæm, þjónusta sveitarfélagsins við skólann er ekki næg og tölvumál eru í ólestri
- Þurfum að auglýsa starfið okkar betur
- Vantar að fræða nærumhverfið um starfsemi og þjónustu okkar
- Skólinn er ekki nógu sýnilegur, uppfæra oftast heimasíðu og vera duglegur að setja myndir inn af starfinu. Kennarar hafa ekki möguleika á að setja fréttir /myndir inn á bekkjasíður og heimasíða skólann er óaðlaðandi
- Bæta þarf tækjakost, efla netsamband, fá myrkvunartjöld fyrir glugga, endurnýja húsgögn svo nemendum líði vel
- Nemendalýðræði er ekki nógu gott í skólanum t.d í gegnum valgreinar á unglíngastigi
- Kennsluhættir oft of hefðbundnir
- Áríðandi að sérkennari komi að unglíngadeild sem ráðgefandi við sérkennslu
- Stuðla að endurmenntun og framþróun í kennsluháttum
- Óljóst er hver markmið skólans eru í sambandi við samstarf innan skólans

## Inngangur

Þessi sjálfsmatsskýrsla sem nú lítur dagsins ljós er sú sjöunda sem gefin er út af Grunnskólanum í Borgarnesi. Skólaárið 1993 - '94 var skólinn fyrsti grunnskóli landsins sem tekinn var út af Rannsóknarstofnu Kennaraháskóla Íslands og kom beiðnin um að meta starfið frá starfsfólki skólans. Ingvar Sigurgeirsson stýrði verkinu og niðurstöður þess mats er hægt að nálgast á vefsíðu skólans og er áhugaverð heimild um skólastarfið á þeim tíma. Útgefnar sjálfsmatsskýrslur eru jafnframt aðgengilegar á heimasíðu skólans sem og skýrsla um úttekt Mennta – og menningarmálaráðuneytis á starfi Grunnskólans í Borgarnesi frá því í júní 2011. Í þessari skýrslu eru m.a. birtar niðurstöður þeirra kannana sem gerðar eru við skólann sem og niðurstöður samræmdra prófa.

## Um Grunnskólann í Borgarnesi

Í skólanum starfa nemendur, kennarar og annað starfsfólk saman undir einkunnarorðunum *Samhugur - Sálftæði - Virðing - Ábyrgð* og byggir sérstaða skólans á þeim. Skólahverfi Grunnskólans í Borgarnesi samanstendur af þéttbýli og dreifbýli. Skólinn er einsetinn og heildstæður grunnskóli. Húsnæði skólans er byggt í fimm áföngum sem uppfylla misjafnlega þær kröfur sem gerðar eru til skólahúsnæðis. Hver árgangur hefur sínar heimastofur og list- og verkgreinar hafa allar sína sérstöku aðstöðu. Í tölvuveri eru 16 tölvur og nemendatölvur eru einnig á miðrymum yngri deildar en þar eru um 14 tölvur. Íþróttakennsla fer fram í Íþróttamiðstöðinni sem og sundkennsla. Félagsmálum eldri nemenda er sinnt að langmestu leyti af félagsmiðstöðinni *Óðali* í gegn um húsráð *Óðals* og nemendafélag skólans. Sigurþór Kristjánsson er forstöðumaður *Óðals* og sér um starfið þar.

Nokkrir vinnuhópar (teymi) eru starfandi, umhverfisteymi sem hefur m.a. Grænfanaverkefnið á sinni könnu og er mikil áhersla lögð á umhverfismál í skólanum. Uppbyggingarteymi vinnur að framgangi uppeldisstefnunnar *Uppeldi til ábyrgðar*. Eineltisteymi starfar að aðgerðum gegn einelti og þróunarteymi vinnur að þáttum sem lúta að skólanámskrá. Heilsueflingarhópur vinnur að verkefni *Heilsueflandi grunnskóli* Ennfremur tekur skólinn þátt í samstarfsverkefni grunnskólanna og Menntaskóla Borgarfjarðar. Þetta verkefni nefnist

*Borgarfjarðarbrúin* og er að stofni til byggt á verkefni sem lauk formlega 2010 en hefur verið haldið áfram milli skólanna.

## Starfsmenn Grunnskólans í Borgarnesi

### *Stjórnendur*

Stöðugildi við stjórnun eru 2,8 sem 4 stjórnendur sinna. Skólastjóri í 100% starfi, aðstoðarskólastjóri í 90%, deildarstjóri yngra stigs 80% starfi og deildarstjóri *Kletts* í 20% starfi en það er deild fyrir einhverf börn sem stofnuð var haustið 2012. Deildarstjóri eldri deildar var fyrstu mánuði skólaársins í veikindaleyfi en kom til starfa í 80% starfi eftir áramót. Að auki sér forstöðumaður Tómskundaskólans um starfið þar í tæplega 50% starfi. Stjórnendur skólans mynda skólastjórn sem er skólastjóra til ráðuneytis um starfsemi skólans.

### *Kennarar*

Við skólann starfa 34 kennari í 31,46 stöðugildum, 32 grunnskólakennarar og 2 leiðbeinendur.

### *Aðrir starfsmenn*

þroskaþjálfari í 100% starfi

skólaritari í 100% starfi

bókasafnsvörður í 50% starfi

húsvörður í 40% starfi

umsjónarmaður tölvumála í 50% starfi

matráður í 90% starfi

5 skólaliðar er annast þrif og gæslu í frímínútum í 3,89 stöðugildum

starfsmenn tómskundaskólans eru 4 í 1,75 stöðugildum

og 9 stuðningsfulltrúar í 6,4 stöðugildum

Stöðugildi við önnur störf en kennslu og stjórnun eru því 16,35.

## Nemendur

Skólaárið 2012-2013 stunda 284 nemendur nám við skólann í 17 umsjónarhópum. Nemendur skiptust í bekkjardeildir þannig:

1. bekkur 33 nemendur
2. bekkur 22 nemendur

3. bekkur 27 nemendur
4. bekkur 27 nemendur
5. bekkur 21 nemendur
6. bekkur 35 nemendur
7. bekkur 34 nemendur
8. bekkur 27 nemendur
9. bekkur 24 nemendur
10. bekkur 34 nemendur

## Markmið og tilgangur

Grunnskólalög nr. 91/2008 innihalda ákvæði um markmið og tilgang með innra mati skóla. Til viðbótar því að uppfylla lagabókstafinn er tilgangur innra matsins ekki hvað sístur sá að greina bæði styrkleika og veikleika í skólastarfinu og finna leiðir til að viðhalda sterku hliðunum og bæta það sem betur má fara..

Í grunnskólalögum nr. 91/2008 kemur fram eftirfarandi:

### **35. gr. Markmið.**

*Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:*

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,*
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,*
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,*
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.*

### **36. gr. Innra mat.**

- a. Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.*
- b. Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.*

## Sjálfsmatsáætlun 2011 - 2015

Hér í töflu 2 má sjá sjálfsmatsáætlun fyrir fjögur ár í senn 2011-2015.

	2011 - 2012	2012 - 2013	2013 - 2014	2014 - 2015
Haustönn	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.
	Eineltiskönnun	Eineltiskönnun	Eineltiskönnun	Eineltiskönnun
		Ggr. 9.1 og 9.3	Ggr. 1.1 og 1.2	Ggr. 5.7, 5.8 og 5.9
Miðönn	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.
	Foreldrakönnun	Skólapúls - foreldrar	Skólapúls - foreldrar	Skólapúls - foreldrar
	Ggr. 2.1 og 2.2	Ggr. 5.1, 5.5 og 5.6	Ggr. 8	Ggr. 9.4
Vorönn	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.
	Starfsmannakönnun	Skólapúls - starfsm.	Skólapúls - starfsm.	Skólapúls - starfsm.
	Ggr. 5.2, 5.3 og 5.4	Ggr. 3.1, 9.2, 4.1 og 4.2	Ggr. 7	Ggr. 6

Tafla 2

## Aðferðir og framkvæmd matsins

Þau gögn sem mynda grunnin að sjálfsmatinu að þessu sinni eru kannanir sem unnar eru af *Skólapúlsinum*, stofnun sem rekin er í tengslum við *Námsmatsstofnun* og *Borgarbyggð* hefur samið við. Þessar úrtakskannanir eru lagðar fyrir alla starfsmenn og nemendur í 6.- 10. bekk, í september, janúar og maí þannig að sérhver nemandi svarar einu sinni, þriðjungur nemenda í hvert skiptið. Foreldrakönnun, sem er 150 manna úrtak, var lögð fyrir í febrúar, og starfsmannakönnun í mars. Eins var eineltiskönnun lögð fyrir í október af eineltisteymi skólans. Sjálfsmatskerfið *Gæðagreinar 2* er heilstætt gæðamatskerfi fyrir skóla sem skólinn hefur innleitt. Skólaárið 2012 – 2013 voru gæðagreinar 3.1, 4.1, 5.1, 5.5, 5.6, 9.1, 9.2 og 9.3 lagðir fyrir og metnir.

## Niðurstöður árlegra kannana og annarra úttekta

Eins og fram hefur komið er skólinn þátttakandi í *Skólapúlsinum* en það er könnunarkerfi sem mjög margir skólar og sveitarfélög eru aðilar að og geta í gegn um það borið sig saman við aðra skóla. Úrtakið í könnunum er valið þannig að niðurstöður eru marktækar.



## Nemendakönnun

Taflan 3 hér fyrir neðan sýnir þróunina í þeim þáttum sem mældir eru í nemendakönnuninni. Búið að er að mæla þessa þætti í þrjú ár svo unnt er að draga ályktanir af samanburði. Eftir því sem tölurnar eru hærri því sterkari er matsþátturinn hjá nemendum. Tölur fyrir vanlíðan, kvíða og einelti ættu því að vera sem lægstar en háar fyrir aðra þætti. Vel sést að nokkrar sveiflur eru milli ára og kannana. Einna versta útkoman hvað varðar alla þessa þætti almennt er í janúar á þessu ári en þá varð neikvæð breyting á nánast öllum matsþáttum. Hins vegar varð mjög jákvæð breyting í maí mælingunni á flestum þáttum, sumum veruleg t.d. á vanlíðan, kvíða og einelti sem gefur til kynna að sú vinna sem farið var í í kjölfar janúarmælingu hafi skilað nokkrum árangri. Á hinn bóginn þarf að vinna í því á markvissan hátt að efla sjálfstraust nemenda og trú þeirra á eigin getu.

	Skólapúlsinn - yfirlit mælinga								
	2010-2011			2011 - 2012			2012 - 2013		
	okt	feb	maí	sept	jan	maí	sept	jan	maí
<b>Virgni nemenda í skólanum</b>									
Ánægja af lestri	4,96	5,31	4,93	5,82	4,91	4,61	5,33	5,1	4,71
Stjórn á eigin árangri	4,84	5,1	5,05	5,28	4,49	4,38	5,07	4,41	4,23
Þrautseigja í námi	4,27	4,84	4,51	4,96	4,75	4,37	4,94	4,5	4,63
Áhugi á stærðfræði	5,03	5,17	5,59	5,2	5,26	5,42	5,44	4,9	4,52
Persónulegt gildi náttúruvísinda	6	6,21	5,64	6,04	6,1	5,83	5,96	5,54	5,75
Íþróttir/líkamsrækt	5,33	5,37	5,3	5,59	5,16	5,8	5,74	5,22	5,36
Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,37	5,04	5	4,9	4,18	4,39	4,9	4,07	4,42
Trú á eigin námsgetu	4,72	4,5	4,45	5,19	4,17	4,19	4,41	4,4	4,14
<b>Líðan nemenda</b>									
Sjálfsálit	4,81	4,82	4,5	4,73	5,16	5,07	5,07	4,67	4,22
Stjórn á eigin lífi	4,97	4,85	4,66	5,22	5	4,63	4,99	4,46	4,49
Vanlíðan	4,91	5,26	5,29	4,81	5,16	5,23	4,94	5,61	4,7
Kvíði	4,2	5,09	5,54	4,78	4,82	5,25	4,75	5,69	4,61
Einelti	4,99	4,99	5,28	4,65	4,65	4,58	4,45	5,85	4,92
<b>Skóla - og bekkjarandi</b>									
Samsömun við nemendahópinn	4,88	4,55	4,42	4,88	4,84	5,00	5,06	3,95	4,38
Samband nemenda og kennara	5,28	5,24	5,28	5,28	5,1	4,76	5,67	5,08	5,01
Agi í tímum	4,56	4,97	5,49	4,9	5,15	4,94	5,05	4,3	4,71
Stuðningur kennara við nemendur	5,42	5,61	5,58	5,48	5,31	5,02	5,6	5,03	5,19
Virki þátttaka nemenda í tímum	5,32	5,27	4,83	4,86	5,2	5,06	6,02	4,92	5,06
Mikilvægi heimanáms í náminu	4,85	4,66	4,77	5,39	4,9	4,24	5,36	4,42	4,99

Tafla 4

## Foreldrakönnun

Þessi könnun er gerð af *Skólapúlsinum* í febrúar – mars og náði svarhlutfall 80% með miklum eftirgangsmunum. Þeir yfirþættir sem kannaðir eru í þessari könnun eru:

- nám og kennsla
- velferð nemenda
- aðstaða og þjónusta
- foreldrasamstarf
- heimastuðningur.

Í töflu 5 er yfirlit um þá matsþætti sem skoðaðir eru. Stjörnumerktar tölur innan sviga sýna að um marktækan mun er að ræða m.v. meðaltal.

Nám og kennsla		
<b>Matsþáttur</b>	Marktækur munur skóla og lands*	Meðaltal/hlutfall í skóla
Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	(-0,95)*	4,03
Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra	(-0,46)*	4,52
Ánægja foreldra með stjórnun skólans	(-17%)*	73%
Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	(+3%)*	85%
Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	(-24%)*	53%
Hæfileg áhersla á námsmat með hefðbundnum prófum að mati foreldra		71%
Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðbundin próf að mati foreldra		73%
Athugasemdir foreldra um einstakar námsgreinar		
Velferð nemenda		
<b>Matsþáttur</b>	Marktækur munur skóla og lands*	Meðaltal/hlutfall í skóla
Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	(-0,74)*	4,25
Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	(-7%)*	82%
Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	(-6%)*	88%
Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	(-6%)*	87%
Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt		84%
Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra		14%
Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum		40%

Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum		45%
Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	(-23%)*	57%
Meðaltímabil eineltis		1,5 ár
Staðir innan skólans sem einelti á sér stað		
<b>Aðstaða og þjónusta</b>		
<b>Matsþáttur</b>	Marktækur munur skóla og lands*	Meðaltal/hlutfall í skóla
Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	(-1,57)*	3,39
Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu/frístundaheimili		4,95
Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili	(-10%)*	24%
Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu		
Ánægja foreldra með sérkennsluna/stuðninginn		89%
Hlutfall nemenda með sérkennslu/stuðning í skólanum		31%
Tíðni sérkennslu/stuðnings		59%
Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun		25%
Hlutfall foreldra í samstarfi um einstaklingsáætlun		26%
Ánægja foreldra með sálfræðiþjónustu		100%
Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu á skólaárinu		10%
Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti		71%
Notkun á mötuneyti		86%
Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti		25%
<b>Foreldrasamstarf</b>		
<b>Matsþáttur</b>	Marktækur munur skóla og lands*	Meðaltal/hlutfall í skóla
Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi		4,82
Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur		49%
Áhrif foreldra á þætti í skólastarfinu		
Ánægja með síðasta foreldraviðtal		92%
Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali		
Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum		60%
Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra		84%
Ánægja foreldra með heimasíðu skólans		79%

Heimastuðningur		
<b>Matsþáttur</b>	Marktækur munur skóla og lands*	Meðaltal/hlutfall í skóla
Virgni foreldra í námi barna sinna	(+0,37)*	5,36
Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	(-0,47)*	4,52
Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	(+0,24)*	5,24
Hæfileg heimavinna að mati foreldra	(-2%)*	71%
Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám		54%
Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns	(-18%)*	61%
Hæsta menntunarstig foreldra		48%

Tafla 5

Í mörgum liðum er marktækur munur milli skólans og landsmeðaltals og er hann oftast neikvæður. Helst er marktækur munur jákvæður þar sem er spurt er um stuðning við nám heima við.

Í töflu 6 eru dregin fram svör við nokkrum undirspurningum sem við teljum að skipti máli og hægt er að draga ályktanir af varðandi skoðanir og upplifanir foreldra. Í niðurstöðum kemur fram að foreldrar eru almennt sammála um það að nemendum líði vel í skólanum en þó er of stór hópur um 11% sem telur svo ekki vera. Eins kemur fram óánægja með hvernig unnið er úr eineltismálum og 27% foreldra telur skólanum ekki vel stjórnað. 60% telur að illa sé tekið á eineltismálum og 47% segir að agi sé of lítill. Fram kemur að 61% foreldra hefur væntingar um að barn sitt ljúki námi í háskóla (grunn – og framhaldsnámi). Eins kemur fram að foreldrar eru virkir í námi barna sinna og nemendur eru duglegir að leita eftir þátttöku þeirra í náminu. 89% foreldra eru ánægðir með stuðnings – og sérkennslu en skv. könnuninni njóta 31% nemenda þess.

Spurningar – Foreldrakönnun	2012-2013
<b>Gerðar eru miklar kröfur um námsárangur í skólanum</b>	
<i>Mjög ánægður/ánægður</i>	80%
<i>Óánægður/mjög óánægður</i>	20%
<b>Skólastarfið er lýðræðislegt</b>	
<i>Mjög ánægður/ánægður</i>	85%
<i>Óánægður/mjög óánægður</i>	15%
<b>Skólastarfið eflir vitund um umhverfismál</b>	
<i>Mjög ánægður/ánægður</i>	94%
<i>Óánægður/mjög óánægður</i>	6%

<b>Skólafarfið stuðlar að læsi og færni í víðum skilningi</b>	
	<i>Mjög ánægður/ánægður</i> 92%
	<i>Óánægður/mjög óánægður</i> 8%
<b>Hversu vel eða illa telurðu að barninu líði almennt í skólanum</b>	
	<i>Mjög vel/vel</i> 89%
	<i>Illa/mjög illa</i> 11%
<b>Hversu vel eða illa telurðu að barninu líði almennt í kennslustundum</b>	
	<i>Mjög vel/vel</i> 88%
	<i>Illa/mjög illa</i> 12%
<b>Hversu vel eða illa telurðu að barninu líði almennt í frímínútum</b>	
	<i>Mjög vel/vel</i> 84%
	<i>Illa/mjög illa</i> 16%
<b>Hvernig finnst þér tekið á eineltinu af hendi skólans</b>	
	<i>Mjög ánægður/ánægður</i> 40%
	<i>Óánægður/mjög óánægður</i> 60%
<b>Telur þú að unnið sé vel eða illa eftir eineltisáætlun skólans?</b>	
	<i>Mjög ánægður/ánægður</i> 57%
	<i>Óánægður/mjög óánægður</i> 43%
<b>Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með máltíðirnar sem barnið þitt fær?</b>	
	<i>Mjög ánægður/ánægður</i> 72%
	<i>Óánægður/mjög óánægður</i> 28%
<b>Kennari barnsins míns hafði samband við mig (t.d. með orðsendingu, símtali eða tölvupósti)</b>	
	<i>Að minnsta kosti vikulega eða mánaðalega</i> 40%
	<i>Nokkrum sinnum yfir árið eða aldrei</i> 60%
<b>Telur þú upplýsingar á heimasíðu skólans gagnlegar?</b>	
	<i>Mjög ánægður/ánægður</i> 79%
	<i>Óánægður/mjög óánægður</i> 21%
<b>Finnst þér agi í skólanum vera...</b>	
	<i>Hæfilegur</i> 53%
	<i>Of lítill</i> 47%
<b>Telur þú að skólanum sé vel eða illa stjórnað?</b>	
	<i>Mjög vel/vel</i> 73%
	<i>Illa/mjög illa</i> 27%

Tafla 7

## Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun *Skólapúlsins* var lögð fyrir í apríl og svöruðu rúmlega 79% starfsmanna könnuninni sem var rafræn eins og allar kannanir *Skólapúlsins*. Allir starfsmenn fengu lykilorð og voru hvattir til að svara könnun þegar tími gæfist til. Svörun er því marktæk. Þeir yfirþættir sem könnunin tekur til eru:

- almennir þættir

- viðhorf til skólans
- almennar upplýsingar um kennara
- kennarastarfið
- starfsumhverfi kennara
- mat og endurgjöf
- símenntun kennara.

Í töflu 8 eru niðurstöður hvers matsþáttar sundurliðaðar eftir nokkrum yfirþáttum sem hver byggir þó á nokkrum undirspurningum og gerð grein fyrir í annarri töflu til nánari skýringar.

<b>Allir starfsmenn</b>		
<b>Almennt</b>		
	Marktækur munur skóla og lands*	Meðaltal/hlutfall í skóla
<b>Matsþáttur</b>		
Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna		71%
Hlutfall starfsfólks 40 ára og eldra		73%
Meðalstarfshlutfall		91%
Yfirvinnutímar undanfarinn mánuð	(-1,7 klst)*	4,7 klst
Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð		0,6 dagar
Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð		0,3 skipti
Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð		0,4 skipti
Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	(-21%)*	49%
Gagnsemi starfsmannaviðtals		86%
Tíðni áreitni meðal starfsfólks	(+8%)*	20%
Tíðni eineltis meðal starfsfólks	(+4%)*	7%
<b>Viðhorf til skólans</b>		
<b>Matsþáttur</b>		
Starfsánægja í skólanum		4,27
Starfsandi innan skólans	(-1,26)*	3,74
Stjórnun skólans	(-1,29)*	3,71
Upplýsingastreymi innan skólans	(-0,99)*	4,01
Starfsaðstaða í skólanum	(-0,78)*	4,23
<b>Almennar upplýsingar um kennara</b>		
<b>Matsþáttur</b>		
Meðalfjöldi vikulegra kennslustunda á kennara		22,6

Meðalfjöldi vikulegra stunda við sérkennslu og stuðning á hvern kennara		5,9
Meðalstarfsaldur kennara við skólann	(+1,23 ár)*	9,9 ár
Meðalstarfsaldur kennara	(+2,18 ár)*	16 ár
Hlutfall kennara með meistaragráðu		13%
<b>Kennarastarfið</b>		
<b>Matsþáttur</b>		
Ánægja með kennarastarfið	(-0,82)*	4,17
Trú kennara skólans á eigin getu	(-0,88)*	4,12
Upplýsingamiðlun til foreldra	(-0,43)*	4,57
Tími í heimavinnu á viku	(+1,53 mín)*	44 mín
Tími við kennslu		60%
Undirbúningur kennslu í skólanum		75%
Öllum bekknum kennt í einu		35%
Hópa vinna í bekk		13%
Einstaklingsvinna í bekk	(-14%)*	6%
Einstaklingsmiðuð kennsla	(-27%)*	17%
Áhersla kennara á námsmat með prófum		63%
Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum		61%
<b>Starfsumhverfi kennara</b>		
<b>Matsþáttur</b>		
Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	(-0,55)*	4,45
Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.		4,3
Faglegur stuðningur skólustjóra við kennara	(-1,39)*	3,61
Samráð um kennslu		4,75
Samvinna um kennslu		4,55
Valddreifing við ákvarðanatöku	(-0,81)*	4,19
Virk samvinna um skólaþróun og umbætur	(-1,26)*	3,73
Vinnuaðstæður kennara	(-1,39)*	3,61
<b>Mat og endurgjöf</b>		
<b>Matsþáttur</b>		
Umfang mats og endurgjafar	(-22%)*	26%
Sanngirni mats og endurgjafar	(-29%)*	64%
Gagnsemi mats og endurgjafar		75%
Nýting á niðurstöðum kennaramats	(-1,34)*	3,66

<b>Símenntun kennara</b>		
<b>Matsþáttur</b>		
Símenntunarpörf kennara	(+0,8)*	5,8
Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 18 mán.		69%
Hindranir í símenntun kennara		

Tafla 8

Í töflu 9 hér að neðan eru dregin fram svör við nokkrum undirspurningum sem við teljum að skipti máli og hægt er að draga ályktanir af varðandi skoðun og upplifun starfsmanna. Þriðjungur starfsmanna telur skorta á það að upplýsingastreymi sé gott og sama hlutfall segir að skorti upp á aðgang að þeim tækjum og gögnum sem til þarf. Fjórðungur telur ekki tekið tillit til skoðana sinna við framkvæmd vinnunnar og 30% telja að skólanum sé ekki vel stjórnað. 9% starfsmanna segist hafa orðið fyrir einelti af hálfu samstarfsfólks s.l. 12 mánuði. Jákvætt er að 95% starfsmanna segist þekkja stefnu skólans og markmið og 93% eru ánægðir með að vera kennarar í skólanum. 91% telur góða samvinnu ríkja og 96% eru ánægðir með starfsandann.

Spurningar - Starfsmannakönnun		2012-2013
<b>Upplýsingastreymi í skólanum er gott</b>		
	<i>Mjög ánægður/ánægður</i>	66%
	<i>Óánægður/mjög óánægður</i>	33%
<b>Ég þekki markmið og stefnu skólans</b>		
	<i>Mjög ánægður/ánægður</i>	95%
	<i>Óánægður/mjög óánægður</i>	4%
<b>Vinnuaðstaða mín er góð</b>		
	<i>Mjög ánægður/ánægður</i>	67%
	<i>Óánægður/mjög óánægður</i>	34%
<b>Ég hef aðgang að þeim tækjum og gögnum sem til þarf</b>		
	<i>Mjög ánægður/ánægður</i>	66%
	<i>Óánægður/mjög óánægður</i>	34%
<b>Ég er ánægð/ur með að vera kennari í þessum skóla</b>		
	<i>Mjög ánægður/ánægður</i>	93%
	<i>Óánægður/mjög óánægður</i>	7%
<b>Ég hafði meiri eldmóð þegar ég byrjaði að kenna en núna</b>		
	<i>Mjög ánægður/ánægður</i>	64%
	<i>Óánægður/mjög óánægður</i>	36%
<b>Samvinna er góð í skólanum</b>		



	<i>Mjög ánægður/ánægður</i>	91%
	<i>Óánægður/mjög óánægður</i>	7%
<b>Það er góður starfsandi í skólanum</b>		
	<i>Mjög ánægður/ánægður</i>	96%
	<i>Óánægður/mjög óánægður</i>	4%
<b>Ég er ánægð(ur) með samskipti við yfirmann minn</b>		
	<i>Mjög ánægður/ánægður</i>	92%
	<i>Óánægður/mjög óánægður</i>	9%
<b>Mér finnst tekið tillit til skoðana minna og ábendinga um framkvæmd vinnunnar</b>		
	<i>Mjög ánægður/ánægður</i>	76
	<i>Óánægður/mjög óánægður</i>	24%
<b>Ég hef aðgang að ráðgjöf sérfræðinga eða talkennara sem geta leiðbeint mér í vinnu með nemendum með námserfiðleika</b>		
	<i>Mjög ánægður/ánægður</i>	59%
	<i>Óánægður/mjög óánægður</i>	42%
<b>Yfirmaður minn leysir ágreiningsmál sem koma upp á vinnustaðnum</b>		
	<i>Mjög ánægður/ánægður</i>	57%
	<i>Óánægður/mjög óánægður</i>	43%
<b>Hefur þú orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum</b>		
	<i>Já</i>	9%
	<i>Nei</i>	91%
<b>Hefur þú orðið fyrir einelti frá nemendum eða foreldrum síðustu 12 mánuði</b>		
	<i>Já</i>	6%
	<i>Nei</i>	94%
<b>Mínum vinnustað er vel stjórnað</b>		
	<i>Mjög sammála/sammála</i>	70%
	<i>Frekar ósammála/mjög ósammála</i>	30%

Tafla 9

## Eineltiskönnun

Eineltisteymi skólans lagði fyrir, og vann úr, eineltiskönnun í október – nóvember. Var könnun lögð fyrir alla nemendur í 4. – 10. bekk., 184 nemendur samtals. Er hún á rafrænu formi og unnin í gegn um tölvur.

### Helstu niðurstöður þeirrar könnunar eru eftirfarandi:

Spurningunni „Hve oft hefur þú orðið fyrir einelti í skólanum undanfarna mánuði“ svara 90,2% aldrei, 2,2% svara „oft í viku“ sem er fækkun frá því í fyrra. Spurningunni „Hve lengi hefur þú verið lögð/lagður í einelti?“ segja tæplega 6% að það hafi staðið í eitt ár eða lengur. Spurningunni „Hvernig líður þér í skólanum?“ svara 6% að þeim líði illa eða mjög illa. Þessi niðurstaða, sem og niðurstöður úr *Skólapúlsi* sýna að einelti er ekki ríkjandi þáttur í skólanum þótt það sé fyrir

hendi. Hins vegar er markmiðið að einelti mælist ekki og vantar hér nokkuð upp á það markmið náist.

## Gæðagreinar veturinn 2012-2013

Sjálfsmatskerfið *Gæðagreinar 2* er heilstætt gæðamatskerfi fyrir skóla sem skólinn er að innleiða. Skólaárið 2012 – 2013 voru gæðagreinar 3.1, 4.1, 5.1, 5.5, 5.6, 9.1, 9.2, 9.3 lagðir fyrir og metnir (sjá töflu 1).

### Gæðagreinir 3.1. Áhrif á starfsfólk: Þátttaka starfsfólks í starfi skólans

**Vinnulag:** Gæðagreinir var metinn af þrem vinnuhópum, starfsmönnum á matsfundi 31.01.2013.

**Yfirlit gæðagreinis má sjá í viðauka 2**

**Heildareinkunnagjöf: 4**

**Matssamantekt:**

*Sterku hliðarnar okkar:*

- Uppbyggingarstefnan.
- Metnaður starfsmanna til að efla gæði skólastarfsins
- Starfsfólk hefur metnað til símenntunnar
- Leitað eftir skoðunum okkar, góður mórall, við fáum hrós frá samstarfsfólkinu
- Njótum góðs stuðnings samstarfsfólks

*Það sem þarf að bæta:*

- Þurfum að skerpa á sameiginlegri sýn í tengslum við nýja aðalnámskrá
- Námskeið í uppbyggingarstefnunni fyrir alla starfsmenn skólans
- Tækifæri til símenntunar of fá.
- Of lítill tími fyrir persónulega þjónustu við nemendur.
- Lítið unnið með mat/skoðanir starfsfólk á starfi skólans.
- Vantar meiri stuðning á eldra stigi skólans og efla þarf samstarf milli stiga s.s. 6. og 7. bekkja
- Húsnæði og vinnuaðstaða slæm, þjónusta sveitarfélagsins við skólann er ekki næg og tölvumál eru í ólestri.

## Gæðagreinir 4.1. Áhrif á samfélagið: Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið

**Vinnulag:** Gæðagreinir var metinn af þrem vinnuhópum starfsmanna á matsfundi 31.01.2013.

**Yfirlit gæðagreinis má sjá í viðauka 2**

**Heildareinkunnagjöf: 2**

**Matssamantekt:**

*Sterku hliðarnar okkar:*

- Samstarf við Rótarí, MB, leikskólana, Safnahús og Landnámssetur.
- Nýting á útivistarsvæði við Einkannir, Bjössaróló, Englendingavík, Skallagrímgarð
- Bekkjakynningafundir fyrir foreldra

*Það sem þarf að bæta:*

- Þurfum að auglýsa starfið okkar betur.
- Vantar að fræða nærumhverfið um starfsemi og þjónustu okkar.
- Skólinn er ekki nógu sýnilegur, uppfæra oftast heimasíðu og vera duglegur að setja myndir inn af starfinu. Kennarar hafa ekki möguleika á að setja fréttir /myndir inn á bekkjasíður og heimasíða skólann er óaðlaðandi.
- Bæta þarf tækjakost, efla netsamband, fá myrkvunartjöld fyrir glugga, endurnýja húsgögn svo nemendum líði vel.

**Tillögur um aðgerðir:**

Komu ekki fram hjá þátttakendum.

## Gæðagreinir 5.1. Menntun: Skólanámskrá

**Vinnulag:** Gæðagreinir var metinn af þremur vinnuhópum starfsmanna á matsfundi 31.01.2013.

**Yfirlit gæðagreinis má sjá í viðauka 2**

**Heildareinkunnagjöf: 3**

**Matssamantekt:**

*Sterku hliðarnar okkar:*

- Komum vel til móts við ólíkar þarfir nemenda sérstaklega í yngri deildum skólans sbr. Liði C I og K

*Það sem þarf að bæta:*

- Vantar meiri sköpun í kennsluna
- Auka má þverfaglegt samstarf s.s. þemaverkefni
- Vantar þátttöku foreldra og nemenda við gerð skólanámskrár sbr. Lið E
- Vantar meiri fjölbreytni í valgreinum
- Of mikil áhersla á bóknám og námsmat of einhæft.

## **Tillögur um aðgerðir:**

Komu ekki fram hjá þátttakendum.

## **Gæðagreinir 5.5. Menntun: Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri**

**Vinnulag:** Gæðagreinir var metinn af þrem vinnuhópum starfsmanna á matsfundi 31.01.2013.

**Yfirlit gæðagreinis má sjá í viðauka 2**

## **Heildareinkunnagjöf: 4**

### **Matssamantekt:**

*Sterku hliðarnar okkar:*

- Jákvæðni og metnaður meðal starfsfólks að gera sitt besta

*Það sem þarf að bæta:*

- Metnaðarleysi meðal nemenda og úrræðaleysi okkar við að kveikja þann metnað.

## **Tillögur um aðgerðir:**

Komu ekki fram hjá þátttakendum.

## **Gæðagreinir 5.6. Menntun: Jafnrétti og sanngirni**

**Vinnulag:** Gæðagreinir var metinn af þrem vinnuhópum, starfsmönnum á matsfundi 31.01.2013.

**Yfirlit gæðagreinis má sjá í viðauka 2**

## **Heildareinkunnagjöf: 4**

### **Matssamantekt:**

*Sterku hliðarnar okkar:*

- Móttaka nýnema er til fyrirmyndar og starfsfólki skólans umhugað um að öllum líði vel

*Það sem þarf að bæta:*

- Afar slök þjónusta við nemendur með námsörðugleika í unglिंगadeild
- Áriðandi að sérkennari komi að unglिंगadeild sem ráðgefandi við sérkennslu
- Nemendalýðræði er ekki nógu gott í skólanum t.d. valgreinarnar á unglिंगastigi.

**Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:**

- Jafnrétti til náms er í góðu lagi á yngsta- og miðstigi en ábótavant á unglिंगastiginu.

**Tillögur um aðgerðir:**

Hugað verði betur að sérkennslu á unglिंगastigi t.d. með þriggja kennara kerfi í bóklegum fögum. Farið verði nú þegar að skoða möguleika á að stórauka val og fjölga tímum í vali.

## **Gæðagreinir 9.1. Forysta: Sýn, gild og markmið**

**Vinnulag:** Gæðagreinir var metinn á fundi 30.04.2013.

**Yfirlit gæðagreinis má sjá í viðauka 2**

**Heildareinkunnagjöf: 4**

**Matssamantekt:**

*Sterku hliðarnar okkar:*

- Við sinnum einstaklingsþörfum nemenda vel
- Sérdeild starfrækt við skólann
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir nemendur með frávik

*Það sem þarf að bæta:*

- Samstarf heimila og skólans.

## **Gæðagreinir 9.2. Forysta: Framtíðaráform**

**Vinnulag:** Gæðagreinir var metinn á fundi 30.04.2013.

**Yfirlit gæðagreinis má sjá í viðauka 2**

**Heildareinkunnagjöf: 4**

## Matssamantekt:

*Sterku hliðarnar okkar:*

- Þéttur og öflugur starfsmannahópur þar sem fólk upplifir sig öruggt og fær hvatningu og stuðning til góðra verka

*Það sem þarf að bæta:*

- Kennsluhættir oft of hefðbundnir
- Stuðla að endurmenntun og framþróun í kennsluháttum.

## Tillögur um aðgerðir:

Komu ekki fram hjá þátttakendum.

## Gæðagreinir 9.3. Efling starfsmanna og samvinnu

**Vinnulag:** Gæðagreinir var metinn á fundi 30.04.2013.

**Yfirlit gæðagreinis má sjá í viðauka 2**

**Heildareinkunnagjöf: 3**

## Matssamantekt:

*Sterku hliðarnar okkar:*

- Við erum sterk í teymisvinnu og vinnum vel saman
- Gleðjumst yfir góðum árangri samstarfsfólks okkar

*Það sem þarf að bæta:*

- Óljóst er hver markmið skólans eru í sambandi við samstarf innan skólans.

## Niðurstöður samræmdra könnunarprófa 2013

Niðurstöður samræmdra prófa eru teknar saman í töflu 10 ásamt því að árangur nemenda er borinn saman við árangur *Borgarbyggðar*, kjördæmis og landsins í heild. Hér sést að árangur nemenda í 10. bekk er aðeins undir landsmeðaltali í íslensku og stærðfræði og yfir landsmeðaltali í ensku. Niðurstaðan fyrir 7. og 4. bekk er hins vegar nokkuð undir meðaltali og verulega t.d. í stærðfræði í 7. bekk.

10. bekkur	Íslenska		Enska		Stærðfræði	
	Eink.	Normaldr.	Eink.	Normaldr.	Eink.	Normaldr.
Grunnskólinn í Borgarnesi		28,2		30,7		28,0
Borgarbyggð		29,2		28,3		25,8
Norðvesturkjördæmi	6,1	28,3	6,3	28,3	6,0	27,4
Landið allt		30		30		30
7. bekkur	Íslenska		Enska		Stærðfræði	
Grunnskólinn í Borgarnesi		30				27,3
Borgarbyggð		29,2				26,5
Norðvesturkjördæmi	6,3	29,1			6,9	29,4
Landið allt		30				30
4. bekkur	Íslenska		Enska		Stærðfræði	
	Eink.	Normaldr.	Eink.	Normaldr.	Eink.	Normaldr.
Grunnskólinn í Borgarnesi		22,2				28,4
Borgarbyggð		24,1				25,9
Norðvesturkjördæmi	5,9	27			6,7	28,3
Landið allt		30				30

Tafla 10

## Samantekt og ábendingar

Kannanir og athuganir leiða í ljós að ýmislegt má færa til betri vegar. Eru nokkur atriði tekin hér út úr:

1. Nemendur hafa of litla trú á sjálfum sér og sinni námsgetu
2. Nemendur gefa til kynna að þeir gefist of fljótt upp við verkefni
3. Foreldrar og starfsmenn eru óánægðir með það hvernig unnið er úr eineltismálum
4. Foreldrar og starfsmenn eru óánægðir með hvernig tekið er á agamálum
5. Vinnuaðstaða er óviðunandi að mati starfsmanna

## Veikar hliðar samkvæmt Gæðagreinum.

Sá gæðagreinir sem fær lægsta útkomu er gæðagreinir 4.1. *Áhrif á samfélagið: Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið.* Þar er einkunnin 2 sem er óviðunandi. Það sem að mati hópsins þarfnast úrbóta er eftirfarandi:

- Þurfum að auglýsa starfið okkar betur.

- Vantar að fræða nærumhverfið um starfsemi og þjónustu okkar.
- Skólinn er ekki nógu sýnilegur, uppfæra oftast heimasíðu og vera duglegur að setja myndir inn af starfinu. Kennarar hafa ekki möguleika á að setja fréttir /myndir inn á bekkjasíður og heimasíða skólans er óaðlaðandi.
- Bæta þarf tækjakost, efla netsamband, fá myrkvunartjöld fyrir glugga, endurnýja húsgögn svo nemendum líði vel.

Það sem gert hefur verið eftir að þetta var metið er að búið er að setja upp öflugra þráðlaust net sem á að ná um allan skólann. Búið er að endurnýja húsgögn fyrir nemendur að einhverju marki og myrkvunartjöld eru væntanleg í september í nokkrar kennslustofur. Skjávörpum hefur fjölgað í skólanum og reynt er að viðhalda tölvukostinum eins og kostur er. Keyptar eru nýjar fartölvur í stað tölva sem ganga úr sér. Huga þarf að kostum þess að nota spjaldtölvur. Finna þarf leiðir til þess að auka möguleika kennara til að setja inn fréttir og myndir á heimasíðu – annað hvort með því að fela einhverjum einum ritstjórn síðunnar eða fara í annað og einfaldara heimasíðuumhverfi.

## Umbótaáætlun

Í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2013 – 2014 er þess freistað að koma fram með raunhæfar áætlanir er taki til þess að styrkja og bæta þá þætti sem koma illa út. Ekki verður reynt að tína til alla þá þætti er koma lakar út en vænst var, heldur nokkra þá þýðingarmestu fyrir skólastarfið og nemendur okkar á komandi skólaári og árum. Skólinn kemur illa út í samanburði við aðra skóla í veigamiklum atriðum í foreldra – og starfsmannakönnun.

Í þessari sjálfsmatsskýrslu kemur skýrt fram, bæði í foreldrakönnun og starfsmannakönnun, að viðamikla þætti þarf að styrkja. Hér er átt við eineltismál og úrvinnslu þeirra, agamál og stjórnun sem rétt um fjórðungur aðspurðra telur að ekki sé í nógu góðu lagi. Eins má hér nefna upplýsingastreymi innan skólans og til samfélagsins. Ennfremur kemur fram að nemendur hafa lélega sjálfsmynd og vantroysta sér. Með því að taka fyrir frekar færri þætti en fleiri er hægt að beina meiri köftum að þeim heldur en ef margir þættir væru undir. Síðan má segja að, ef vel tekst til við framkvæmd áætlunar, þá hafi það jákvæð áhrif yfir í aðra þætti sem mældir eru í könnunum og koma illa út.



## 1. *Eineltismál og úrvinnsla þeirra*

Sérstakt eineltisteymi verður styrkt og hlutverk þess gert sýnilegra með kynningu til forráðamanna og starfsmanna. Það starfar undir stjórn skólastjóra og er til ráðuneytis starfsmönnum og forráðamönnum og aðstoðar við úrlausn eineltismála. Einnig vinnur eineltisteymið að fyrirbyggjandi aðgerðum s.s. með fræðslu. Eineltisáætlun yfirfarin og kynnt í september eða október. Niðurstöður eineltiskannana kynntar strax að lokinni fyrirlögn í október, febrúar og júní. Starfshlutfall námsráðgjafa verður aukið í september.

## 2. *Agamál og úrvinnsla þeirra*

Ferill agamála yfirfarinn og kynntur í september. Áhersla á hugmyndafræði uppbyggingarstefnu við úrlausn agamála. Foreldrar kallaðir til ráðuneytis við úrlausn og upplýstir um agabrot á formlegum fundum. Mætingarreglur kynntar og viðurlög við þeim. Sett viðmið um það hvenær málum er vísað til barnaverndaryfirvalda.

## 3. *Stjórnun skólans*

Skipurit og verkaskipting stjórnenda yfirfarin og kynnt í september. Mánaðarlegir samráðsfundir stjórnenda, trúnaðarmanna, verkefnisstjóra *Kletts* og verkefnisstjóra sér – og stuðningskennslu. Fundir faggreinakennara einu sinni í mánuði. Starfsmannaviðtöl tvisvar yfir veturinn, lokið í febrúar, annað sem skólastjóri tekur við alla starfsmenn og hitt sem aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri taka við kennara. Góðum áföngum í starfinu fagnað. Skólastjórn fundar reglulega einu sinni í viku og oftast ef þörf er á.

## 4. *Upplýsingagjöf*

Vikufréttir komi áfram út út í lok hverrar viku. Þar er viðburðaskrá næstu viku kynnt og birtar upplýsingar um verkefni sem eru á döfni. Regluleg útgáfa fréttabréfa, a.m.k. 6 fréttabréf á skólaárinu. Heimasíða uppfærð og fundnar leiðir til að hafa sérstakan heimasíðustjóra sem sér um uppfærslu hennar og utanumhald.

## 5. *Líðan nemenda og sjálfsmynd*

Í vetur er boðið upp á sjálfstyrkingarnámskeið fyrir nemendur eldri deildar í vali. Eins hefur framboð og fyrirkomulag valgreina verið aukið og bætt. Boðið er upp á sérstakt lífsstílsval. Búið er að auka námsráðgjöf í skólanum lítillaga með það að markmiði að styrkja nemendur og bæta líðan þeirra. Stefnt er að því að kennsluaðferðir verði fjölbreyttari og komi þannig

til móts við nemendur þannig að þeim þyki námið skemmtilegra. Í því skyni hefur verið töflusettur tími á stundaskrá þar sem umsjónarkennarar eldri deildar hittast og ræða fagleg má s.s. kennsluhætti og samþættingu námsgreina.

Borgarnesi í september 2013.

Kristján Gíslason

Skólastjóri

## Viðaukar

## Viðauki I Einkunnaskali skv. Gæðagreinum 2

6	<b>Framúrskarandi</b>	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	<b>Mjög gott</b>	Afar sterkur þáttur
4	<b>Gott</b>	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	<b>Nægilegt</b>	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök
2	<b>Slakt</b>	Mikilvæg atriði slök
1	<b>Ófullnægjandi</b>	Afar slakur þáttur

Skólastarf er hægt að meta út frá margvíslegum forsendum. Við þurfum að hafa í huga að þegar við gefum okkur einkunn með gæðastöðlum erum við að nota fagþekkingu okkar fremur en tæknilega úrvinnslu. Þrátt fyrir það ættu eftirfarandi almennar leiðbeiningar ávallt að vera notaðar.

Matið *framúrskarandi* er notað að uppfylltum skilyrðum fyrir framúrskarandi árangri á tilteknu sviði þar sem skólinn er leiðandi á sínu sviði á landsvísu. Námsreynsla nemenda og árangur þeirra eru framúrskarandi. Matið framúrskarandi er gefið fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag og er þess verðugt að útbreiða/kynna til aðila utan skólans. Það felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður við haldið.

Matið *mjög gott* á við um þegar skólastarf einkennist af styrkleika. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að matið mjög gott merki mikil gæði í kennslu og starfi ættu allir að geta náð því. Það felur í sér að skólastarf geti haldið áfram án meiriháttar breytinga. Þrátt fyrir það eru þær væntingar gerðar til skólans að hann nýti hvert tækifæri til umbóta og kappkosti að verða framúrskarandi.

Matið *gott* á við um starf sem einkennist af styrkleika mikilvægra atriða sem saman vega greinilega meira en atriði sem þarf að bæta. Matið gott gefur vísbendingar um að þeir styrkleikar sem dregnir eru fram hafi greinilega jákvæð áhrif. Þrátt fyrir það eru gæði námsreynslu nemenda skert á einhvern hátt á atriðum þar sem umbóta er þörf. Það bendir til að skólinn ætti að leitast við að skjóta styrkari stöðum undir styrkleika samhliða því að grípa til aðgerða gagnvart þeim sviðum sem þarfnast umbóta.

Matið *nægilegt* á við um að sterk atriði rétt ná að vega meira en slök. Matið nægilegt gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Það greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að veikleikar séu ekki það mikilvægir að þeir hafi stöðug neikvæð áhrif þrengja þeir þó að gæðum námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Matið bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja á styrkleika sínum.

Matið *slakt* gefur til kynna að sum atriði séu sterk, en mikilvæg atriði slök. Almenn má búast við því að matið slakt komi fram í fjölda aðstæðna. Þrátt fyrir að sjá megi einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu annað hvort á stöku stað, eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Matið bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.

Matið *ófullnægjandi* gefur til kynna að mikilvæg atriði skólastarfs séu slök og þarfnist tafarlausra úrbóta. Námsreynsla nemenda er í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf starfsfólk, sem ber ábyrgð á starfi sem leiðir til matsins ófullnægjandi, á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Þetta getur falið í sér að vinna með öðru starfsfólki eða samstarfsstofnunum utan skólans sé nauðsynleg.

Viðauki 2 – Gæðagreinar

<b>Gæðagreinir 3.1</b>	<b>Lykilþáttur 3</b>
<b>Þátttaka starfsfólks í starfi skólans</b>	

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4	5	6
A	Við höfum skýra sameiginlega sýn og skilning á því hvernig við veitum góða menntun.			x			
B	Við erum áhugasöm og leggjum metnað í að efla gæði skólastarfsins.					x	
C	Við tökum fúslega þátt í símenntun sem bætir árangur og stuðlar að framförum nemenda					x	
D	Framlag okkar til skólastarfsins er áhrifaríkt og við vinnum vel saman í teyrum/hópum í skólanum og með samstarfsaðilum.				x		
E	Við gerum okkur ljóst hverjar skyldur okkar eru til að efla persónulegan og félagslegan þroska og heilbrigði allra barna og ungmenna.				x		
F	Okkur finnst að í skólanum séum við metin að verðleikum, leitað eftir skoðunum okkar og við studd eftir þörfum.			x			
G	Okkur finnst sjónarmið okkar og hæfileikar bæði einstaklinga og hópa, hafa áhrif á hvernig gæði starfsins og árangur nemenda eru eflað í skólanum.				x		
H	Við höfum jákvæða afstöðu til vinnuskilyrða, húsnæðis, þjónustu, starfsmannasamtala og tækifæra til endurmenntunar.		x				
I	Okkur finnst við njóta stuðnings í starfi til að veita sem besta menntun.					x	

**Gæðagreinir 4.1**

**Lykilþáttur 4**

**Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið**

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4	5	6
A	Aðilar í nærsamfélaginu eru virkir þátttakendur í skólastarfinu.		x				
B	Við vinnum með stofnunum og félagasamtökum í nærsamfélaginu (s.s. skólaskrifstofu, fjölskylduþjónustu og Rauða krossinum) að því að styðja nemendur og fjölskyldur þeirra, t.d. við að meta þarfir nemenda, auðga reynsluheim þeirra eða veita stuðning sem dregur úr hindrunum í námi.		x				
C	Einstaklingar, fjölskyldur og hópar í samfélaginu taka virkan þátt í starfi og viðburðum skólans sem og í ákvörðunum sem snerta samfélagið.			x			
D	Samfélagið okkar og vinnuveitendur vitna um gæði þeirrar menntunar sem við bjóðum upp á.		x				
E	Þeir telja að sú menntun sem skólinn býður hafi aukið áhuga og þátttöku nemenda og fjölskyldna þeirra, einnig þeirra sem þurfa á sérúrræðum að halda.		x				
F	Samfélagið skynjar að við tökum mið af skoðunum þess og sjónarmiðum, s.s. í sambandi við orðstír skólans og hlutverk hans sem einnar af grunnstoðum samfélagsins og öxlum ábyrgð á að taka við umkvörtunum frá samfélaginu og stuðla þannig að virkri þátttöku þess í skólastarfinu.		x				
G	Samstarfsaðilar og stofnanir láta í ljósi að skólinn okkar eigi árangursríkt samstarf sem auðgar bæði okkar starf og þeirra.				x		

Gæðagreinir 5.1  
Skólanámskrá

Lykilþáttur 5

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4	5	6
A	Skólanámskráin okkar markar skýra stefnu sem byggð er á sameiginlegu gildismati.		2				
B	Í henni er stuðlað að krefjandi viðfangsefnum, starfsánægju, breidd, jafnvægi, framvindu, samhengi, einstaklingsmiðun, og vali í námi allra nemenda.		2				
C	Skólanámskráin tekur mið af kringumstæðum bæði í nærsamfélaginu og í samfélaginu í heild.					5	
D	Í henni er svigrúm fyrir einstaka kennara og kennarahópa til að efna til vel ígrundaðra þróunarverkefna til að mæta þörfum nemenda.			3			
E	Við þróum og endurbætum skólanámskrána reglulega þar sem allt starfsfólkið tekur þátt og tekið er tillit til skoðana nemenda okkar og foreldra þeirra.		2				
F	Við ígrundum sameiginlega umfang og gæði námsreynslu nemenda, áhrifin sem sú námsreynsla hefur á nemendur og hvaða árangri þeir ná.				4		
G	Við skipuleggjum af kostgæfni alla nýbreytni í námskrá, í samráði við þá sem málið varða, s.s. hvernig við lögum hana að þörfum nemenda og veitum þeim tækifæri til að velja sér leiðir til sérhæfingar eftir því sem við á.	1					
H	Áætlanir okkar og námsleiðir eru áhugaverðar, krefjandi og veita ánægju.				4		
I	Við bregðumst við og mætum þörfum nemenda.					5	
J	Skipulag skólastarfsins styður framvindu námsgreina og tengsl milli námsþátta.			3			
K	Kennarar þróa færni nemenda í lestri-, ritun-, og stærðfræði samkvæmt áætlun skólanámskrár.					5	
L	Skólanámskráin okkar stuðlar mjög vel að alhliða framförum og nemendur okkar vaxa úr grasi sem nýtir þjóðfélagsþegnar.				4		
M	Við tryggjum að þegar nemendur flytjast á milli skóla eða taka þátt í skólastarfi í öðrum skólum (s.s. tónlistarskóla, framhaldsskóla) haldist samfella og framvinda í námi þeirra.				4		
N	Við stuðlum að því að nemendur okkar séu skapandi, áræðnir og undirbúnir fyrir starfsumhverfi og starfsferil sinn í framtíðinni.			3			

**Gæðagreinir 5.5**

**Lykilþáttur 5**

**Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri**

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4	5	6
A	Skólinn okkar hefur trú á getu sinni til að ná árangri í skólastarfi.				4		
B	Við væntum þess ávallt að nemendur nái sínum besta námsárangri.					5	
C	Við ætlumst einnig til þátttöku og góðrar hegðunar og gerum nemendum og foreldrum grein fyrir því.					5	
D	Við hrósum fyrir árangur að vel athuguðu máli og við hrósum bæði einstaklingum og nemendahópum.					5	
E	Nemendur kunna að meta hrós sem þeir hafa unnið fyrir og það hvetur þá áfram.				4		
F	Nemendur hafa miklar væntingar til sjálfra sín og annarra.		2				
G	Þeir hafa skilning á námsárangri og bregðast vel við tækifærum sem þeir fá til að bera ábyrgð.		2				
H	Vinna nemenda er sýnileg í skólastofum, í opnum rýmum í skólanum og á öðrum stöðum í samfélaginu.				4		
I	Árangur nemenda utan hefðbundins skólastarfs er metinn og haldið á lofti í skólanum.		2				
J	Við vitum að allir geta lært og tekið framförum og það endurspeglast í viðhorfum okkar og störfum.				4		
K	Við leitum allra leiða til að tryggja að nemendur eigi ekki á hættu að fara á mis við námstækifæri.					5	
L	Við gerum nemendum okkar kleift að ná árangri.					5	
M	Áhugi nemenda okkar endurspeglast í jákvæðu viðhorfi þeirra til náms, árangurs og framfara.		2				
N	Við notum fjölbreyttar aðferðir til endurgjafar þegar við fögnum góðum árangri nemenda, nemendahópa, starfsfólks og skólasamfélagsins í heild.			3			
O	Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og reist á grunni gagnkvæmrar virðingar og sjálfsvirðingar innan liðsheildar þar sem sameiginleg markmið og gildi eru í hávegum höfð.				4		
P	Nemendur okkar koma vel fram og taka tillit til annarra.				4		

Gæðagreinir 5.6

Jafnrétti og sanngirni

Lykilþáttur 5

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4	5	6
A	Allir nemendur okkar og foreldrar þeirra eru velkomnir í skólann, þarfir þeirra metnar og þeim mætt í samvinnu starfólks skólans og samstarfsaðilum þar sem þörf er á.					X	
B	Við höfum árangursríkar leiðir til að draga úr hindrunum er verða á vegi okkar varðandi nám og framfarir og tryggjum að nemendur og foreldrar þeirra taki virkan þátt í skólastarfinu.				X		
C	Skólastarfið einkennist af þátttöku allra og góðri framkomu þar sem byggt er á virðingu fyrir öllu skólastarfi.				X		
D	Við gerum okkur far um að virkja nemendur sem eru fráhverfir skóla og fjölskyldur þeirra og gefum þeim tækifæri til að öðlast reynslu af því að ná árangri og tilheyra samfélaginu innan skólans jákvæðum hætti.					X	
E	Við beinum sjónum okkar sérstaklega að nemendum sem eiga erfitt uppdráttar í námi.					X	
F	Við leggjum áherslu á að sýna í verki þau gildi sem skólinn stendur fyrir.		X				
G	Við væntum þess af starfsfólki og nemendum að þeir beri ábyrgð, láti sig varða líðan annarra og hafi jafnrétti og sanngirni að leiðarljósi í samskiptum sín á milli.					X	
H	Við styðjum jöfn tækifæri og jafnan aðgang í starfi okkar.				X		
I	Við kunnum að meta og stuðlum að margbreytileika í skólanum og samfélaginu utan hans en jafnframt leggjum við áherslu á það sem er sameiginlegt í gildum okkar og reynslu.			X			
J	Við ræðum opinskátt og á uppbyggilegan hátt um jafnrétti.				X		
K	Nemendur okkar eru öryggir í að greina og ræða um mismunun/misrétti.			X			
L	Við fögnum margbreytileika.					X	
M	Berum virðingu fyrir nemendum, foreldrum og starfsfólki og komum fram við þau af sanngirni.					x	
N	Í skólanum okkar ríkir jafnrétti og allir fá sömu tækifæri til þátttöku og árangurs, óháð menningarlegum bakgrunni, tungumáli, fötlun, kyni, uppruna, trú, kynhneigð og sérþörfum.	x					



**Gæðagreinir 9.1**

**Sýn, gildi og markmið**

**Lykilþáttur 9**

**Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:**

**Okkar mat:**

		1	2	3	4	5	6
A	Við vinnum með nemendum, foreldrum og öðrum samstarfsaðilum að því að þróa og skapa sameiginlega sýn fyrir skólann og samfélagið með ígrundun, rökræðum og stöðugu samráði.			x			
B	Sýn okkar er grundvölluð á árangri nemenda og er í samræmi við áherslur sveitarfélagsins og ríkisins.				x		
C	Starfið í skólanum er mótað af skýrri sýn okkar, gildum og markmiðum.				x		
D	Við höfum sýn skólans, gildi og markmið stöðugt í huga við athafnir okkar og viðburði í skólanum. Þess vegna höfum við sterka sameiginlega vitund um tilgang skólustarfsins.				x		
E	Við tökum fullt tillit til sýnar, gilda og markmiða skólans þegar við metum vinnu okkar, komum á umbótum og mótum framtíðarstefnu.				x		
F	Í sýn okkar, gildum og markmiðum ætlumst við til að margbreytileiki sé virtur.				x		
G	Við aðhyllumst jafnrétti, jöfnuð og skóla fyrir alla og fögnum margbreytileika. Þess sjást merki í þróunaráætlunum okkar.				x		

**Gæðagreinir 9.2**

**Forysta og framtíðaráform**

**Lykilþáttur 9**

**Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:**

**Okkar mat:**

		1	2	3	4	5	6
A	Stöðugar framfarir og árangur nemenda eru kjarninn í framtíðaráformum okkar.				x		
B	Við tryggjum að námið sé í brennidepli í þróunaráætlunum skólans og forgangsverkefni beinist að kennsluháttum.		x				
C	Markmið skólans eru rædd á þann hátt að öllu starfsfólki og nemendum séu þau vel ljós og geri sér grein fyrir þætti sínum í að þeim verði náð og hvaða áhrif markmiðin hafa á starfið í kennslustofunni.				x		
D	Rökstuddar og gagnsæjar ákvarðanir eru teknar um hverju skuli varið til að ná viðurkenndum markmiðum og sem bestum árangri.				x		
E	Stjórnendur og starfsmenn með forystuhlutverk sýna í verki mikilvægi námsins með því að heimsækja kennslustofur, leiðbeina um góð vinnubrögð, veita endurgjöf, lýsa eigin skilningi og hvetja til fjölbreytts sjálfsmats.			x			
F	Við stuðlum að menningu þar sem starfsfólk er öruggt og getur tekið að sér leiðtogahlutverk innan og utan kennslustofunnar.					x	

**Gæðagreinir 9.3**  
**Efling starfsmanna og samvinnu**

**Lykilþáttur 9**

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4	5	6
A	Við beinum sjónum að námi og kennslu sem lykilþáttum í þróun skólstarfs.				x		
B	Við lögum forystuhætti að samhengi og aðstæðum í skólanum og ræktum tengsl af alúð.			X			
C	Við hlúum að fjölbreyttum hæfileikum og hvetjum og styðjum aðra.			X			
D	Við leggjum áherslu á samræður og samráð sem stuðla að sameiginlegri ábyrgð. Ef þess er óskað, grípum við tafarlaust til aðgerða.			X			
E	Stjórnendur styrkja starfsmenningu þar sem starfsfólk og nemendur geta haft frumkvæði og sinnt leiðtogahlutverki innan og utan kennslustofunnar.		X				
F	Við nýtum skoðanir nemenda vel sem og sameiginlega þekkingu, reynslu, og áhuga starfsfólks.			X			
G	Við höfum haft áhrif sem einstaklingar, jafnt innan hópa og í skólanum í heild.				X		
H	Við höfum skapað starfsumhverfi sem styður einstaklinga við að deila með sér ábyrgð svo velgengi og árangur nemenda sé tryggður.				X		
I	Samstarf byggir á trausti og einlægri umhyggju fyrir starfsfólki og samstarfsaðilum.				X		
J	Við hjálpum fólki að takast á við krefjandi viðfangsefni, deilum upplýsingum og tókumst á við erfiðleika.			X			
K	Við eflum anda samábyrgðar og gagnkvæms stuðnings um allt skólasamfélagið.				X		
L	Við mótum, endurskoðum og þróum stjórnunarhætti okkar, kennsluhætti og stuðning til að byggja upp jákvæð tengsl.				X		
M	Við hvetjum starfsfólk til afreka og tókum eftir og gleðjumst yfir árangri þess.				X		
N	Til að tryggja stöðuga þróun vinnum við saman og myndum samstarfsteymi.					X	
O	Það ríkir samstarfsandi í skólanum og við tókum virkan þátt í samstarfi við þá sem við eigum samskipti við.					X	
P	Við metum samstarfið reglulega með hliðsjón af markmiðum skólans.	X					